

BÆRINN MINN – HVERFIÐ MITT

Þrjár heimildamyndir frá eftirtöldum skólum:

Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri

Hvassaleitisskóla

Vatnsendaskóla

Nöfn skóla: Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Hvassaleitisskóli og Vatnsendaskóli

Nafn verkefnis: Bærinn minn – hverfið mitt

Nafn verkefnisstjóra: Marteinn Sigurgeirsson

Markmið verkefnis

Markmið verkefnisins var að hver þátttökuskóli gerði heimildamynd um sitt nánasta umhverfi. Haft var að leiðarljósi mikilvægi þess að nemendur gætu orðið hæfir í að afla efnis og heimilda og síðan að koma því til skila í heimildamynd. Mikil áhersla var lögð á að nemendur gætu afmarkað það efni sem þeir komust yfir og gætu komið því í handrit sem hægt væri síðan að vinna eftir. Einnig var haft í huga mikilvægi þess að nemendur færu í gegnum helstu þætti kvikmyndagerðar, svo sem handritagerð, myndatöku, viðtalstækni, klippingu og hljóðvinnu.

Helstu leiðir

Í upphafi var verkefnið kynnt skólastjórnendum, í framhaldi af því var haft samband við ákveðna kennara innan hvers skóla. Síðan var bréf sent til foreldra þeirra nemenda, sem höfðu verið valdir til að vera þátttakendur í verkefninu, þar sem óskað var eftir aðstoð þeirra við heimildaöflun.

Í upphafi skólaárs 2010 fór verkefnisstjóri í skólana þrjá og kynnti verkefnið fyrir þátttakendum. Þeim var bent á að reyna að segja sögu síns sveitarfélags og eða viðkomandi hverfis í mynd þar sem fjallað væri til dæmis um: upphaf byggðar, náttúruna og dýralíf, stofnanir, fyrirtæki og sérkenni svæðisins. Einnig kom fram að það gæti gefið góða mynd að taka viðtöl við landnema eða einhverja þá sem gætu sagt frá einhverju markverðu. Einnig var nemendum bent á að fjalla svolítið um sögu skólans og sérstöðu hans. Bent var á að hver heimildamynd mætti vera um 20 – 30 mínútur að lengd.

Í septemberbyrjun var gerð tímaáætlun. Haustið átti að fara í hugmyndavinnu einnig hélt verkefnisstjóri nokkur námskeið fyrir hópana því fljótlega átti að byrja á tökum. Á meðan á hugmyndavinnunni stóð áttu nemendur að skrifa vinnudagbók þar sem safna átti saman hugleiðingum og öllum þeim hugmyndum sem upp komu í þessu ferli. Eftir áramót átti að halda áfram með tókur síðan átti tíminn að fara í klippingu og lokafrágang.

Verkefnisstjóri heimsótti reglulega skólana og fylgdist náið með framgöngu verkefnisins og hélt fundi með nemendum og kennurum. Hann tilkynnti nemendum að í lok vetrar yrði haldin sameiginleg kvikmyndahátíð þar sem allar heimildamyndirnar yrðu frumsýndar og gestum boðið.

Hverjum skóla var í sjálfsvald sett að velja þann nemendahóp sem átti að taka þátt í verkefninu en haft var í huga að hafa hópana á mismunandi aldri, ólíka hópstærð og af báðum kynjum. Hópurinn í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri var fámennastur einungis fimm nemendur sem voru í 9. og 10. bekk, í Hvassaleitisskóla var ákveðið að vinna með heilan bekk þ.e. sextán nemendur í 6. bekk og í Vatnsendaskóla var valið að vinna með níu nemendur í 7. bekk.

Frávik og hindranir.

Allir skólanir hófu undirbúningsvinnu um haustið og byrjuðu flestir að mynda fljótlega. En það er mikilvægt reyna að mynda umhverfið á haustin þegar allt er enn í blóma þ.e.a.s. ef náttúran á að fá að njóta sín, en viðtöl er í lagi að taka allan ársins hring ef þau eru ekki tengd náttúrunni. Sumir skólarnir voru full seinir í gang eftir áramót og var komið fram á vor þegar enn átti eftir að taka upp töluvert efni. Oft reyndist erfitt fyrir hópana að finna tíma og þurfti iðulega að vinna utan skólatíma. En það kom í ljós að það gat stundum verið þægilegra að skipuleggja vinnuna þar sem um heilan bekk var að ræða, sem síðan var hægt að skipta niður í minni vinnuhópa.

Sumir skólar áttu í erfiðleikum með tækjabúnað t.d. varðandi klippingu á efni sem leystist ekki fyrir en ný tæki voru keypt. Einnig var tækjakunnáttu ábótavant í sumum skólum en tilgangur verkefnisins var einmitt að skapa þekkingu og þrýsta á tækjakaup ef þess gerðist þörf.

Það reyndist ekki vera áhugi eða tími til að vinna mikið með sögu sveitarfélagsins en áherslan var frekar á hverfi hvers skóla eða bara skólann.

Helstu ávinningar

Verkefnið var þannig fram sett að nemendur þyrftu að leggjast í rannsóknarvinnu til að fá svör við spurningum sínum. Þetta leiddi oft til sjálfstæðra vinnubragða ásamt því að vinna saman í hópum.

Nemendur urðu fróðari um sitt nánasta umhverfi sem þeir eru jafnan lítið að velta fyrir sér í dagsins önn, einnig í sumum tilfellum áttuðu nemendur sig á þeirri miklu þróun sem er alltaf

að eiga sér stað, þ.e. umhverfið sem þeir lifa í er sífellt að breytast og það á sér sögu.

Nemendur lærðu m.a. að leita að viðmælendum, undirbúa sig fyrir viðtöl, taka upp viðtöl, gæta að hljóði, lýsingu og bakgrunni, koma fram, vera kurteisir og þakka fyrir sig.

Gamlar ljósmyndir sem nemendur komust yfir þegar á rannsóknarvinnu stóð voru stundum klipptar inn í viðtöl en þær gátu oft sagt mikla sögu. Nemendur áttuð sig fljótt á að gamlar ljósmyndir voru oft afar fróðlegar, þegar þær eru skoðaðar af áhuga og þá er hægt að læra af þeim.

Við klippivinnu læra nemendur mjög mikið, þar leynist ákveðin námstækni sem ekki allir gera sér grein fyrir, það er þegar velja skal efni sem skoða þarf aftur og aftur þar til bestu bitarnir standa eftir.

Framsetning efnis var nokkuð fjölbreytt enda býður kvikmyndagerð upp á það að flétta saman margar listgreinar. Sumir hópar sömdu tónlist og/eða settu upp leikþætti sem tengdust til dæmis þjóðsögum frá því svæði sem þeir voru að fjalla um.

Verkefnið vakti mikla athygli þegar það spurðist út í skólunum og var oft áhugavert að fylgjast með samræðum á kennarastofunum sem gátu orðið ansi líflegar þar sem rifjuð voru upp gömul atvik úr skólalífinu eða hverfinu. Þar var einnig nokkuð oft bent á áhugaverða viðmælendur.

Mat

Heimildamyndirnar sem nemendur gerðu voru afar ólíkar. Auðvitað voru farnar mismundandi leiðir, þótt lagt hafi verið upp með sömu markmið hjá öllum skólunum, því hóparnir voru nokkuð ólíkir. En einmitt það sýnir þá skemmtilegu fjölbreytni sem kvikmyndagerð getur boðið upp á því möguleikarnir eru svo gríðarlega miklir; það er að segja þegar ákveðin tækni er fyrir hendi.

Verkefni af þessu tagi vekja mikla athygli, þar sem framleidd er sýnileg afurð sem hægt er að bjóða öðrum að njóta og sjá. Svona verkefni hafa einnig mikið heimildagildi.

Óformleg könnun var lögð fyrir nemendur við lok verkefnisins, einnig eftir að nemendur höfðu séð allar heimildamyndirnar. Í svörum nemenda kom fram mikil jákvæðni gagnvart verkefninu, einnig þakklæti fyrir að hafa fengið að taka þátt í því. Það sama má segja um

foreldra, þeir voru almennt mjög ánægðir að þeirra börn hafi fengið að vera þátttakendur í þessu verkefni; það kom fram í óformlegum viðtölum. Þeir nefndu einnig að svona verkefni ýtti undir sjálfstæði í vinnubrögðum fyrir utan fjölbreytileika í kennslu. Nemendur þurftu einnig að meta eigin vinnubrögð og hvað þeir hefðu lært af því að vera þátttakendur í þessu verkefni. Þeir þurftu einnig að taka fram hvað það var sem þeim fannst athyglisverðast í myndunum þremur og hvað hafi komið þeim mest á óvart.

Kennsluráðgjafar horfðu einnig á myndirnar, mátu þær og gáfu umsagnir um verkefnið í heild sinni.

Niðurstöður

Það leikur enginn vafi á því að verkefni af þessu tagi býður upp á fjölbreytt og skapandi skólastarf þar sem hægt er að vinna á þverfaglegan hátt að verkefnum sem eru mjög sýnileg og skilja eitthvað eftir sig. Það er von verkefnisstjóra að þeir nemendur sem tóku þátt í verkefninu hafi orðið hæfari í að skilja það umhverfi sem þeir lifa í og einnig að verðmætin í þjóðfélaginu hafi ekki komið af hinnum ofan heldur er þetta baráttu kynslóðanna að þakka. Það er að segja þeirra kynslóða sem á undan hafa gengið og síðan er það í valdi æskunnar að viðhalda þessu á skynsaman hátt.

Helstu vandkvæði í þessu verkefni, gerð heimildamynda, er að stuðningur við kennara er of lítill, síðan er oft bæði skortur á tíma því allt skólastarf er mjög niðurnjörvað og svo tækjaskortur.

Það var eftirvænting í augum frumsýningargesta sem mættu í Bíó Paradís 3. júní 2011 til þess að sjá þrjár heimildamyndir grunnskólanemenda á stóru tjaldi í alvöru kvikmyndasal. Það var bæði mikil gleði og stolt í augum framleiðenda þegar ljósinn voru kveikt að lokinni sýningu. Eflaust hefur verið kveikt á hæfileikum sumra sem annars hefðu legið undir skemmdum!

Áhugi er á að kynna þetta verkefni í skólum og hvetja kennara til að vinna með heimildamyndir á einn eða annan hátt.

Allar myndirnar verða til á bókasöfnum skólanna til afnota fyrir nemendur, kennara og aðra áhugasama.